



Snæfellsbær

Klettsbúð 4, Hellissandi

360 SNÆFELLSBÆR

Garðabær, 6.8.2025

Málsnúmer: 202506-0047

IAS

Efni: Amtmannshúsið á Arnarstapa, tillaga að nýju deiliskipulagi.

Vísað er til erindis frá Snæfellsbæ, frá 25. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir vellíðunarhús við Amtmannshúsið á Arnarstapa.

Með nýju deiliskipulagi er skilgreindur byggingarreitur undir vellíðunarhús sem mun hýsa slökunarrými, þurrghúfu, heitan pott og verandir. Vellíðunarhúsið skal rýma við útlit núverandi húsa á lóðinni, klætt dökkri viðarklæðningu, með mænispaki sem stallast niður með landslaginu. Útveggir skulu klæddir að hluta til með hlöðnu grjóti líkt og núverandi veggir á lóðinni. Breytingar innan lóðar taka eingöngu til uppbyggingu vellíðunarhúss og svæðis í kringum það.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð og skilmála með tillögunni og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Deiliskipulagssvæðið er á C-hluta náttúruminjasrár, svæði 223 - utanvert Snæfellsnes, og rétt við tjörn sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013). Þá er ströndin við Stapa og Hellna friðland og hluti af mikilvæga fuglasvæðinu, Snæfellsnes. Skoða þarf hvort hægt sé að færa fyrirhugaða byggingu fjær tjörninni.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar vistgerðin bugðupunts, með hátt verndargildi, á deiliskipulagssvæðinu og gulstararflóavist, með mjög hátt verndargildi, í nágrenninu. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki ráðlegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða.

Mikið kríuvarp hefur verið á Arnarstapa en vísbendingar eru um að kríum hafa fækkað meira þar en á öðrum stöðum á Snæfellsnes á sama tíma og mikil uppbygging hefur orðið við ferðamenn á varpsvæði kríunnar¹⁾. Ef af framkvæmdum verður er æskilegt að framkvæmdir verði utan varptíma.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

1) Róbert A. Stefánsson, Hafrún Gunnarsdóttir, Jakob J. Stakowski og Menja von Schmalensee 2024. Kríur á Snæfellsnesi. Fuglar 14, 44-51.